

Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands 1986

1

Fornleifakönnun í Kópavogi

Guðmundur Ólafsson



Reykjavík 2014

© Guðmundur Ólafsson/Þjóðminjasafn Íslands

Reykjavík 2014

Ljósmynd á forsíðu: Horft til vesturs yfir sjávarbakkann í Kópavogi. Fremst á bakkanum er tóftin sem lenti í vegi holræsaskurðar. Fyrir miðju er vélgrafa að nálgast tóftina. Í baksýn er skógur sem er austan við Kópavogshæli (GÓL-1986-9116-3).



Mynd 1. Loftmynd af túninu við Kópavogshæli, af vefsíðu Fasteignaskrár. Tóftin sem varð í vegi fyrir holræsaskurðinum var innan rauða ferhyrningsins við sjávarbakkann (Þjóðskrá Íslands/Loftmyndir ehf 2014).


Þann 22. janúar 1986 hringdi Hilmar Sigurðsson frá teiknistofunni Hnit til Þjóðminjasafnsins og greindi frá því að vegna holræsagerðar þyrfti að grafa skurð gegn um litla rúst sem staðsett væri um 80 m suðaustur af Kópavogshæli. Taldi hann að samkvæmt gömlu korti sem Matthías Þórðarson hafði teiknað í Árbók hins Íslanzka fornleifafélags 1929, virtist þetta vera á svipuðum stað og gamli Kópavogsbærinn væri staðsettur á kortinu. full ástæða væri því að gera forneifakönnun á staðnum.

Skýrsluhöfundur hafði þegar í stað samband við Stefán Finsson, tæknifræðing hjá Kópavogsbæ, til að fréttu nánar af þessum framkvæmdum og mæltum við okkur mót daginn eftir á framkvæmdastað. Hittumst við þar samkvæmt áætlun þann 23. janúar.

Holræsið sem verið var að leggja er mikið mannvirki. Skurðurinn liggur meðfram sjávarbakkannum sunnan og austan við Kópavogshæli og er um 5 m breiður og allt að 3,5 m djúpur.



Mynd 2. Horft til austurs yfir holræsaskurðinn sem grafinn var yfir Kópavogstún í uphafi árs 1986 (GÓL-1986-9116-12).




Mynd 3. Hluti af afstöðuteikningu fyrir holræsalögn meðfram sjávarbakkanum austan Kópavogshælis. Tóftin er innan rauða ferhyrningsins fremst á bakkanum.

Tóft á sjávarbakka

Rústin sem þarna lendir í vegi fyrir skurðinum stendur fremst á sjávarbakkanum þar sem hann er hæstur, suðaustur av Kópavogshæli. Þetta er lítil tvískipt rúst sem hefur upphaflega verið stærrí, því að sléttað hafði verið yfir norðurhluta hennar. Að utanmáli var hún um 5x8 metrar. Það sem eftir stóð voru leifar af tveimur herbergjum, sem voru um 2x2 m að innanmáli. Veggir voru um 1 m breiðir og allt að 0,5 m að hæð. Milliveggurinn var hæstur. Útveggir voru um 0,3 m háir. Hrun úr austurveggjum herbergjanna fyllti tófina að hluta. Yfirborð gólfsins innan í hólfunum var um 0,2 m neðar en yfirborðið sem hafði verið sléttað umhverfis rústina.

Rústin er opin til norðurs og snýr gaflri að sjávarbakkanum, sem er í eins til tveggja metra fjarlægð frá gaflri. Þetta bil á milli rústar og bakka er um 0,3 m hærra en svæðið umhverfis, sem bendir til þess að þar sé hluti af mannvirki sem hefur upphaflega náð lengra til suðurs, en nú hefur landbrotið tekið stærsta hluta rústarinar á sjávarbakkanum.

Vestur af rústini lá um sjö metra langur garður fremst á bakkanum. Hann virðist hafa verið hlaðinn, þó ekki sé hægt að útiloka að þetta sé aðeins moldarhryggur sem myndast hefur þegar túnið var sléttað.



Mynd 4. Uppdráttur af útihúsatóft á sjávarbakka í landi Kópavogs.



Mynd 5. Horft til suðurs yfir tóftina. Um fimm metra breiður holræsaskurðurinn mun koma beint framan við tóftina (GÓL-1986-9116-2).

Austur af rústinni var um þriggja metra löng garðhleðsla úr grjóti, sem endar út við sjávarbakkann (Ólafsson, 1986).



Mynd 6. Horft til norðausturs yfir sjávarbakkann og tún gamla Kópavogsbæjarins (GÓL-1986-9116-4).

Af rústaleifunum og umhverfi þeirra að dæma virtist helst mega ætla að þetta hafi verið einhvers konar útihús. Sléttað hafði verið yfir allar leifar gamla bæjarins í túninu og því sáust ekki nein óyggjandi merki um hann lengur á yfirborði, en af lýsingu og korti að dæma má ætla að gamla bæjarstæði Kópavogsbæjar hafi verið á lágum hól sem er skammt norðaustan við rústina.

Í samráði við framkvæmdaaðila var ákveðið að holræsaskurðurinn yrði lagður þannig að hann tæki sem minnst af bæjarhólnum og að útihúsarústin mætti fremur missa sig. Var hún mæld upp í slagveðri þann 29. janúar.

Jarðvegssnið

Fylgst var með greftri holræsaskurðarins dagana 3. og 4. febrúar þegar hann var grafinn yfir hólinn, sniðið þar hreinsað fram að hluta og jarðlög í því teiknuð. Talin vour samtals 23 mismunandi lög frá yfirborði niður að botni skurðarins, sem var þar 2,64 m djúpur. Í átta efstu lögunum mátti sjá vott af mannvist. Þrjú gjóskulög fundust frá sögulegum tíma sem hægt var að nota til aldursviðmiðuna. Á 24 cm dýpi var þunnt dökkt gjóskulag, sem var ekki greint, en gæti verið frá 18. öld (lag 3). Katla~1500 var á 45 cm dýpi (lag 6) og Landnámslagið frá 871 ±2 var á 86 cm dýpi (lag 10). Yfir því var gulgráleit óhreyfð. sendin fokmold. Sýni var tekið úr því lagi (S-1).

Elsta mannvistarlagið sem hægt var að greina í sniðinu var um 15 cm þykk, rauðleit móaska, sem var á um 80 cm dýpi (lag 8). Hún var lagskipt og skiptust á um tveggja til þriggja cm þykk móösku og moldarlög.

Lagskipting í sniði:

Lag 1. Grasrót.

Lag 2. Brún hreyfð mold. Í laginu voru nýlegir munir, t.d. brot úr diskum, bollum, flöskum o. fl. þ.h.

Lag 3. Dökk gjóska, um 0,5-1 cm þykk. Hugsanlega frá 18. öld (sýni 3).

Lag 4. Ljósbrún hreyfð mold.

Lag 5. Gulleitt þunnt lag, e.t.v. kísligúr?

Lag 6. Um 1 cm þykk gjóska, líklega Katla~1500 (sýni 2).

Lag 7. Brún, hreyfð mold.


Lag 8. Rauðbleik, lagskipt móaska og mold.

Lag 9. Gulgrár sandur, án mannvistar (sýni 1).

Lag 10. Landnámslagið frá 871±2.

Lag 11. Dökkbrún, gráleit mold, sandblendin.


Lag 12. Dökkbrún mold.



Mynd 7. Afstaða jarðlaga í sniði holræsa-skurðarins (T-1986-2_GÓL).

- Lag 13. Brún mold.
- Lag 14. Ljósbrún mold.
- Lag 15. Brún mold.
- Lag 16. Dökkbrún mold.
- Lag 17. Brún mold.
- Lag 18. Grábrún mold.
- Lag 19. Brún mold.
- Lag 20. Gulbrún mold.
- Lag 21. Ljósbrún, sandblendin mold.
- Lag 22. Grábrúnn sandur.
- Lag 23. Grár ísaldarleir.
- Lag 24. Ógrafið.

Mynd 8. Jarðlagaskipting í efri hluta sniðsins. Ljós gula lagið fyrir miðju er ljósi hluti Landnámslagsins (GÓL-1986-9116-10).




Mynd 9. Hluti af jarðvegssniði holræsaskurðsins. Dökka lagið í neðri hluta þess er ísaldarleir (GÓL-1986-9116-11).

Umræða og niðurstaða

Þegar skoðað er gamalt kort sem sýnir minjar í Kópavogi, virðist gamli bærinn í Kópavogi, og aðrar minjar sem þar eru sýndar, sleppa við holræsaskurðinn.

Þess má geta að þann 11. júní fór skýrsluhöfundur ásam Kevin Smith, fornleifafræðingi, með kjarnabor á staðinn og tóku nokkrar könnunarholur með bornum á rústahólnum í túninu. Ekki fundust nein merki um gólfskánir í þessum borkjörunum, en komið var niður á veggjaleifar úr torfi sem í var K~1500 gjóskulag. Þar sem grafið var utan við vegginn fundust engin gjóskulög.

Ef dregnar eru saman þær niðurstöður sem draga má af mannvistarlögunum í skurðbakkanum og aðrar heimildir bendir flest til þess að um sé að ræða útihús frá Kópavogsbænum, en ekki sjálf bæjarhúsin. Húsin á bakkanum hafa varla verið eldri en en frá 16. öld, og yngsta byggingarskeið þeirra líklega enn yngra, eða frá síðari hluta 19. aldar.



Mynd 10. Yfirlitskort af Kópavogsbænum sem birtist með grein um Kópavogsminjar í Árbók hins íslenska fornleifafjelags 1929. Rúst 1. er þinghústöft; 2. eru fangakofatóft(ir); 3 eru svonefndar Hjónadysjar og 4 eru Systkinaleiðin (Matthías Þórðarson, 1929:1-33). Rauði ferhyrningurinn sýnir staðsetningu útihúsatóftarinnar.



Mynd 11. Fjórar yfirlitsmyndir af rústum þingstaðarins í Kópavogi sem sluppu við stóra lagnaskurðinn (GÓL-1986-9116-5 til 8).

Ekki er útilokað að móöskulagið hafi verið gólfskán í fornri rúst, en þar eð engin önnur ummerki sáust sem gætu hafa tengst mannvirki á þeim stað, er líklegra að þetta hafi tilheyrt öskuhaugi frá bænum skammt frá.

Heimildir

Matthías Þórðarson. (1929). Nokkrar Kópavogs-minjar *Árbók hins íslenska fornleifafjelags 1929* (pp. 1-33). Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag.

Ólafsson, G. (1986). *Útihús. Rúst nr. 1*. Skráningarbók. Kópavogur 1-50. Þjóðminjaskráning. Þjóðminjasafn Íslands. Heimildarsafn. Reykjavík.